

**475. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. apríl 2017 og  
hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður, Inga Steinunn Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi og Guðfinna M Hreiðarsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

Sölvi Sólbergsson mætti til fundar kl 08:00 og vék af fundi 08:40

**1. Sæborg í Aðalvík - stofnun þriggja lóða - 2016010020**

Sölvi Sólbergsson mætir til fundar við skipulags- og mannvirkjanefnd f.h. Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd ræddi um skipulagsmál og framtíð svæðisins við Sölva Sólbergsson, varaformann Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.*

*Sölvi Sólbergsson mætti til fundar 08:00 og vék af fundi 08:40*

**2. Umsókn um framkvæmdaleyfi - Orkubú Vestfjarða - 2017030108**

Orkubú Vestfjarða sækir um framkvæmdaleyfi vegna lagningu 11 kV rafstrengs frá Skeiði, Þingeyri að væntanlegum gangamunna Dýrafjarðarganga. Einnig er óskað eftir leyfi fyrir efnistöku í landi Ketilseyrar, leyfi landeiganda liggur fyrir. Fylgiskjöl með umsókn dags. 24.03.2017 eru eftirfarandi.

1. Yfirlitsmyndir lagnaleiðar í skala 1:10000 nr. R-01, R-02 og R-03 frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags.20.10.2016
2. Þversnið nr. R-04 og R-05 frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 21.10.2016
3. Staðfesting frá Náttúrustofu Vestfjarða vegna skráninga fornleifa á lagnaleið.
4. Samkomulag milli OV og Vegagerðar vegna lagningu strengs.
5. Útboðsgögn.
6. Heimild landeigenda í landi Dranga Dýrafirði.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningu 11 kW jarðstrengs Orkubús Vestfjarða , frá*

*Skeiði, Þingeyri að væntanlegum gangamunna Dýrafjarðarganga, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja skv. 13.gr. skipulagslaga 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.*

*Sigurður Mar vék af fundi við afgreiðslu erindis.*

### **3. Umsóknir um styrki úr húsafríðunarsjóði 2017 - 2017030091**

Lagður fram tölvupóstur Guðlaugar Vilbogadóttur, f.h. Minjastofnunar Íslands, dagsettur 24. mars sl., þar sem auglýst er eftir umsóknum um styrki vegna úthlutunar úr húsafríðunarsjóði til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð í samræmi við ákvæði laga um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015. Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl n.k.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 969. fundi sínum, 27. mars sl., og vísaði til skipulags- og mannvirkjanefndar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að hafin verði vinna við styrkumsókn.*

### **4. Heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps - Umsagnar óskað - 2017040004**

Súðavíkurhreppur hefur hafið vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitafélagsins. Fyrir liggur Skipulags- og matslýsing útg. 08.02.2017 frestur til athugasemda- og eða ábendinga óskast fyrir 02.05.2017

*Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir því að samráð verði haft við Ísafjarðarbæ vegna rammahluta skipulags við Reykjanes. Að öðru leiti gerir nefndin ekki athugasemd við skipulags- og matslýsingu.*

### **5. Skróður, þjónustuhús. - 2017010006**

Með vísan í bréf Einars Ísakssonar f.h. Minjastofnunar Íslands dags. 14.febrúar 2017 þá vill Minjastofnun benda á að skróðgarðurinn Skróður í Dýrafirði fellur undir ákvæði um friðaðar menningarminjar. Skróður var stofnaður árið 1909 og þar með yfir 100 ára gamall og telst friðaður. Í 22. gr. laga um menningarminjar segir að friðhelgað svæði skal vera 15 metrar. Með vísan í ofangreint þarf að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Skróð.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur við bæjarstjórn að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

### **6. Deiliskipulag - Birkilundur Furulundur - 2016120035**

Á 473. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 08.03.2017 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi við Furulund í Tunguhverfi skv. 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir hagsmunaaðilum, eigendum og íbúum aðliggjandi lóða.

Breytingar voru grenndarkynntar fyrir lóðarhöfum iðnaðarlóða við götu A og B ásamt ábúanda Efri Tungu, gefinn var fjögurra vikna frestur til athugasemda frá 12. mars til 10. apríl 2017. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir við grenndarkynningu.

*Erindi frestað*

**7. Ósk um deiliskipulagsbreytingu og hugsanlega Aðalskipulagsbreytingu við afrennslissvæði Mjólkárverkjana - 2016080019**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðabæjar 2008-2020, Mjólkárverkjun, frá Orkubú Vestfjarða ohf. Tillagan er unnin af Verkfræðistofu Verkís, greinargerð dags. 31.03.2017 ásamt upprætti dags. mars 2017.

Samhliða breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru gerðar breytingar á deiliskipulagi fyrir Mjólkárverkjun, meðfylgjandi eru greinargerð deiliskipulags fyrir Mjólká dags 31.03.2017 og fjórir upprættir dags 31.03.2017.

Lýsing á aðal og deiliskipulagsbreytingum fyrir Mjólkárverkjun var auglýst frá og með 25. nóvember 2016 til og með 12. desember 2016 þar sem gefinn var kostur á að koma með ábendingar varðandi aðal- og deiliskipulagsbreytinguna, jafnframt var lýsingin send umsagnaraðilum. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Orkustofnun og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstaðs, tekið hefur verið tillit til umsagna í tillögum. Skipulagstillagan var jafnframt kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ekki bárust athugasemdir eða ábendingar á vinnslustigi.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að tillaga að aðalskipulagsbreytingu við Mjólká verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga 123/2010 og tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Mjólká verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**8. Suðurtangi 14 og 16 - Umsókn um lóðir - 2017040012**

Jón Einar Marteinsson, f.h. Fjarðarnets hf. sækir um lóðir við Suðurtanga 14 og 16 skv. umsókn dags. 28.03.2017.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að lóðum við Suðurtanga 14 og 16 verði úthlutað í samræmi við gr. 3.8 í lóðaúthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar. Suðurtangi 16 verður ekki klár til notkunar fyrr en að uppfyllingu og hafnarframkvæmdum á svæðinu er lokið.*

**9. Sætún 12, Suðureyri - Endurbætur - 2017030034**

Sighvatur Lárusson, f.h. Fjárfestingafélagsins Fletir ehf., skv. umsókn dags. 10.04.2017, sækir um leyfi til þess að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi við Sætún 10-12 Suðureyri, óskað er eftir heimild til stækkunar á byggingareit vegna viðbygginga.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur við bæjarstjórn að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Inga Steinunn Ólafsdóttir

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby